

Minningar og hverfulleiki

Listsköpun Yvonne Struys í 50 ár

Minning gefur eitthvað til baka sem maður vissi oft ekki einu sinni að maður hefði glatað. Hverfulleiki fær þig til að hugsa um eitthvað sem enn er, en þú veist að þú munt glata, þar sem það hættir að vera til á einn eða annan hátt.' Þetta voru inngangsorð Jana Loose við opnun þriggja sýninga á verkum Yvonne Struys.

Höfundur: Wim Adema
Þýðandi: Hulda M. Rútsdóttir

Í tilefni fimmtíu ára listsköpunarafmælis Yvonne Struys og í tengslum við menningarlegt verkefni fékk hún tækifæri til þess að sýna á þremur stöðum: í sýningarsalnum Werfkade í Hoogezand, Bart Art Box í Thesinge og í vinnustofu Yvonne Struys (áður 'Samen op Weg' kirkju) í Nieuwolda. Innrammað af tónlist, skáldskap, dansi og landslagi varð til hreinskilin og fullkomin heild.

Persónan og verkin

Yvonne Struys (f. 1941), sem er búsett í Wagenborgen (Groningen) og með vinnustofu í Nieuwolda (Groningen), hefur síðustu fimmtíu ár unnið af ákafa og nýjum tákmyndum. Hún leitar í afskekktum staði til þess að finna jafnvægi milli sjálfrar sín og hinnar stórbrotnu sögu landslagsins, fólksins og menningarinnar. Hún vill prófa og upplifa átök þeirra aftur og á sama tíma víða að sér efni fyrir ný myndverk. Á þann hátt öðlast hún meiri nánd við sjálfa sig sem manneskja og listamaður.

Mig grunar að fáir sjónlistamenn ferðist jafn langt til þess að fá innblástur. Vinnusvæði Yvonne er aðallega lengst í norðri: Orkneyjar, Suðureyjjar og Ísland. Harðneskjan og náttúruöflin á þessum svæðum virðast til þess fallnar að magna ástríðu hennar fyrir hetjusögum og goðsögnum. Guðir og hetjur verða að nýjum tákmyndum. Hún leitar í afskekktum staði til þess að finna jafnvægi milli sjálfrar sín og hinnar stórbrotnu sögu landslagsins, fólksins og menningarinnar. Hún vill prófa og upplifa átök þeirra aftur og á sama tíma víða að sér efni fyrir ný myndverk. Á þann hátt öðlast hún meiri nánd við sjálfa sig sem manneskja og listamaður.

Ragnar Axelsson (Rax) ljósmyndari sýnir á svipaðan hátt hvernig hann upplifir landið. Í svarthvítum myndum hans af einmana bændum, einsetumönnum og lífsbaráttu þeirra upplifir maður sömu tengsl og ástríðu. Yvonne Struys fer aftur til Íslands í janúar 2014. Hún ætlar að búa og vinna í tvo mánuði í smáborpi lengst í norðri [Siglufirði]. Til þess að komast þangað þarf margra klukkutíma rútuferð, svo að hún mun upplifa fortíð landslagsins og fólksins á ný. Kannski eru þess háttar ferðir nauðsynlegar fyrir sjónlistamenn til þess að geta skilgreint kjarna tilveru okkar og sjónlistarinnar.

Ljóð Paul Celan

Í verkum Yvonne Struys skipa ljóð rúmenska ljóðskáldsins Paul Celan (1920-1970) sérstakan sess. Ljóðlínur hans á þýsku um sekt og refsingu, morð nasista á foreldrum hans og reynsla hans af helförinni virðast hafa mótað tungumál hans. Sterkur kraftur er áþreifanlegur í myndmáli hans og formgerð setninganna og í þolmörkum orða hans. Mig grunar að Celan hafi þannig gefið Yvonne Struys mál sem hún gat útfært sjónrænt. Á fyrsta myndverkinu má sjá þrennar sjúkrabörur standa fyrir framan tvö málverk á veggnum. Þar sjást göng í svörtum, gráum og hvítum tónum sem skapa jafnvægi milli vonar og myrkurs. Þau mynda tengsl milli Celan og Struys. Ljóðið 'Espenbaum' er dæmi um þetta.

Espenbaum

*Espenbaum, dein Laub blickt weiss ins Dunkel
Meiner Mutter Haar ward nimmer weiss*

*Löwenzahn, so grün is die Ukraine.
Meine blonde Mutter kam nicht heim.*

*Regenwolke, säumst du an den Brunnen?
Meine leise Mutter weint für alle.*

*Runder Stern, du schlingst die goldne Schleife.
Meiner Mutter Herz ward wund von Blei.*

*Eichne Tür, wer hob dich aus den Angeln?
Meine sanfte Mutter kann nicht kommen.*

Mikilvæg augnablik

Þegar ég bað Yvonne Struys að velja þrjú mikilvæg augnablik með myndverkum, sendi hún mér neðangreindar myndir og texta. 'Minning um Ísland', málverk af fiskroði. Struys sá roðin í fiskvinnslu, hangandi til þurrkunar. Til þess þurfti hún að leggja á sig tveggja tíma hættuför framhjá björgum og klettum en þannig fékk hún innblástur fyrir þetta áhrifaríka málverk.

Í verkinu 'Slangan', en þemað er úr Eddu, blandar Yvonne Struys forníslenskum texta við slönguna. Þetta málverk er líka innblásið af hinum ríkulegu, íslensku goðafræði- og bókmenntaverkum frá miðöldum. Í Eddunni eru bæði ljóð og sögur, goða- og hetjuljóð. Til eru tvær útgáfur af Eddu: önnur er ljóðræn en hin er samfelldur texti.

Í verkinu 'Biðjandi vængir' myndar Struys tengsl við verk Hildegard von Bingen (1098-1179), sem var þýsk abbadi af Benediktsreglu og fyrsti nafngreindi höfundur klassískrar tónlistar. Í textum hennar og tónlist endurspeglast frumlegur, andlegur kraftur sem örvar Yvonne Struys til þess að skapa nýja mynd í samtímanum.

Textinn,
'Venter tuus, omnes creaturas illuminavit'
-kviður þinn lýsir upp allar skepnur jarðar -

varð hluti af nýju málverki þar sem konan er miðpunktur nýrrar reynslu.

Undrunin

Að lokum bað ég Yvonne Struys að lýsa með eigin orðum hvernig hún upplifir undrunina: 'Í verkum mínum kemur undrunin oft eftirá. Vegna sögu, ljóðs, vísu, tónlistar eða vegna kynna við einhvern. Það er samsetning mynda, hluta sem ég tengi saman og þá kemur undrunin. Ó já, þannig var það... eins og það þurfi tíma til að þroskast.'

Herklaði, kvensloppar og messuklaði

Þessi verk hanga í vinnustofunni hennar (í gamalli kirkju) í Nieuwolda og endurspeglar spennuna milli þess liðna og nútímans. Í þeim virðist hún leita að andlegum uppsprettum, gömlum helgisiðum (Japan) og grófri áferð stríðsklaða. Herklaði gerð úr flögusteini gnæfa yfir. 'Englar á jörðu' líkist afskræmdum kvenverum. Hjartarhorn gefa vængjum kraft, fætur á grasi tákna baráttuna fyrir jarðneskri tilveru. Hversu oft hafa hennar eigin fætur ekki verið mótaðir, málaðir, þvegnir. Fætur sem leiða, bera okkur og gera viðkvæm: „bless the step“. Kannski leiða fætur aftur til uppruna Yvonne Struys. Árásargjörn og berskjölduð, stöðugt að leita að sjálfri sér, öðrum, landslagi og byrja upp á nýtt.

Fimmtíu ár

Nær ómælanlegt í tíma, tilfinningum og minningum, en með 'miðstöð minninga og hverfuleika' og á sama tíma alheimsrými til þess að ferðast áfram. Vinna og ferðalög eru nátengd hjá Yvonne Struys. Með því að víkka sjóndeildarhringinn uppgötvar hún nýja heima.

Meiri upplýsingar: www.struys.nl.